



Reykjavík, 8. apríl 2024

MSS24020132

Umhverfis- og skipulagsráð

Tillaga um aukna tíðni strætóferða

Á fundi borgarstjórnar þann 27. febrúar 2024 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu Sóleyjar Mjallar Ásgeirsdóttur, fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að beita sér fyrir því að tíðni strætóferða til og frá Kjalarnesi verði að minnsta kosti á klukkustundar fresti og að viðeigandi aðstaða sé á stoppistöðvum á akstursleiðinni.

Greinargerð:

Strætósamgöngur með a.m.k. einnar klukkustundar millibili eru að okkar mati lágmarkskröfur fyrir nothæfar almenningssamgöngur. Á Kjalarnesi eru allt að fjórar klukkustundir á milli strætóferða sem gerir það að verkum að oft eru ekki hentugar strætóferðir í boði. Annað sem er ábótavant er skortur á strætóskýlum og strætóstoppistöðvum á akstursleiðinni til og frá Kjalarnesi. Það er því ekki hjá því komist að einkabíllinn sé mikið á ferðinni með tilheyrandi mengun og umferðarálagi. Aukin tíðni og betri aðstaða myndi hvetja til notkunar á strætó, ýta verulega undir sjálfstæði ungmenna á svæðinu og möguleika þeirra til tómsunda- og íþróttaiðkunar.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins þakkar fyrir þessa tillögu ungmennaráðs Kjalarness. Lagt er til að tíðni strætóferða til og frá Kjalarnesi verði að minnsta kosti á klukkustundar fresti og telur fulltrúi Flokks fólksins það algjört lágmark til að það gagnist farþegum en í dag líða allt að fjórar stundir á milli ferða. Einnig er lagt til að gerðar verði endurbætur á strætóskýlum á akstursleiðinni til og frá Kjalarnesi. Vandamál með strætóferðir á Kjalarnesi eru ekki ný af nálinni. Líta má aftur til ársins 2013 en þá voru stopular strætóferðir um Kjalarnes ræddar í hverfisráði Kjalarness. Börn gátu þá ekki notað strætó til að komast í skóla eða til að fara í vettvangsferðir eða sækja tómsundastarf. Ljóst er að lítið hefur breyst til batnaðar. Strætó er byggðasamlag. Gallar eru við þetta fyrirkomulag sem felst í því að Reykjavík er stærsti eigandi Strætó en hefur ekki ákvarðanavald í samræmi við eigendaprósentu. Sérlega þarf að breyta þessu fyrirkomulagi. Strætó hefur lengi róið lífróður. Vandinn er á öllum sviðum, vagnar hafa bilað, nýtt greiðsluferfi hefur reynst illa og þjónustustefnu fyrirtækisins virðist illa fylgt. Fulltrúi Flokks fólksins er því miður ekkert of bjartsýnn á neinar breytingar til batnaðar. Það hefur reynslan sýnt.



Reykjavík



Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdímarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.

Virðingarfyllt,
Helga Björk Laxdal
e.u



Reykjavík